

Aðalfundur Íslandsbanka 2012

haldinn á Nordica Reykjavík Hilton 27. mars kl. 16:00

Friðrik Sophusson, formaður stjórnar

Heilbrigður grunnrekstur í erfiðu árferði

Grunnrekstur Íslandsbanka styrktist á árinu 2011 og meira jafnvægi er nú í rekstrinum. Sterk eiginfjárstaða bankans hefur gert honum kleift að starfa í því óvissuástandi sem ríkt hefur hér á landi en vonandi sér fyrir endann á því ástandi fyrr en síðar. Kaup Íslandsbanka á öllu hlutafé í Byr munu auka hagkvæmni í rekstri bankans og efla þjónustu hans. Sameiningin var einnig mikilvægt framlag til hagræðingar á íslenskum fjármálamarkaði. Þá lagði Íslandsbanki sitt lóð á vogaskálarnar í enduruppbyggingu fjármálamarkaðarins hér á landi með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum í Kauphöll Íslands en bankinn var sá fyrsti til að gefa út verðbréf eftir hrun.

Brýn viðfangsefni

Skattaumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur breyst mikið síðustu þrjú ár. Þótt vissulega sé þörf fyrir aukna tekjuöflun ríkissjóðs eftir efnahagsáfallið 2008 er mikilvægt að stjórnvöld gæti hófs í þessum efnum og íþyngi ekki starfsemi fjármálafyrirtækja með séríslenskum sköttum sem eru í engu samræmi við skattlagningu á alþjóðavettvangi. Nýir skattar og ný gjöld á fjármálastarfsemi lenda fyrr eða síðar á viðskiptavinum bankanna, tefja uppbyggingarstarfið og draga úr samkeppnisgetu þeirra.

Þó svo að aðstæður í atvinnulífi hafi batnað frá hruni standa íslensk fyrirtæki og stjórnvöld frammi fyrir viðfangsefnum sem þau geta ekki vikið sér undan. Afar brýnt er að stjórnvöld móti skýra og trúverðuga stefnu um afnám gjaldeyrishafta sem verður framfylgt á næstunni. Gjalddeyrishöftin stuðla vissulega að stöðugleika til skemmri tíma en ljóst er að þau eru atvinnu- og efnahagslífinu skaðleg til lengri tíma litið. Hættan er sú að íslensk fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum gefi starfsemi sína á Íslandi upp á bátinn og flytji hana úr landi. Sömuleiðis vinna höftin gegn bráðnauðsynlegri erlendri fjárfestingu hér á landi, en erlend fjárfesting er nauðsynleg til að bæta kjör þjóðarinnar og endurvinna traust Íslands á alþjóðlegum mörkuðum. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands verða því að leita eftir víðtæku samstarfi við innlenda og erlenda aðila um að losa hagkerfið úr viðjum gjaldeyrishafta eins fljótt og unnt er.

Óvissa vegna væntanlegra breytinga á rammaáætlun og á fiskveiðistjórnkerfinu hefur haft slæm áhrif á fjárfestingar fyrirtækja og ég legg áherslu á að verulegar breytingar á fiskveiðikerfinu draga úr arðsemi starfandi sjávarútvegsfyrirtækja og geta haft áhrif á verðmæti lánasafna íslenska bankakerfisins.

Nýtt regluverk og uppbygging trausts

Miklar breytingar hafa verið gerðar á regluverki íslensks fjármálamárkadaðar, það verið styrkt og framlög til eftirlitsaðila aukin umtalsvert. Mikilvægt er að fylgjast náið með þeirri miklu vinnu sem fram fer á alþjóðlegum vettvangi í tengslum við endurskoðun á eftirliti og regluverki fjármálageirans. Það er brýnt að íslenskt regluverk sé í samræmi við það sem gerist í nágrannaríkjum okkar.

Basel-nefndin um bankaeftirlit hefur á undanförunum árum þróað nýtt regluverk um bankastarfsemi sem hefur það að markmiði að styrkja alþjóðlegar reglur um eigið fé og lausafé í því augnamiði að stuðla að traustara bankakerfi. Áætlun um alþjóðlega innleiðingu reglnanna nær til ársins 2018.

Vegna sterkrar eiginfjárstöðu Íslandsbanka og þess að eiginfjárgrunnur bankans er að miklu leyti samsettur úr hlutafé og óráðstöfuðu eigin fé munu þessar hertu eiginfjárkröfur ekki draga úr rekstrarhæfi bankans nema að því leyti sem slíkar kröfur hafa almennt áhrif á hagnað og arðsemi banka.

Íslandsbanki hefur sett sér innri markmið til að uppfylla kröfur Basel III um hlutföll lausafjárþekju og fjármögnunarþekju og byrjað er að nota þau hlutföll í skýrslugjöf innan bankans.

Í síðustu viku kynnti efnahags- og viðskiptaráðherra nýja skýrslu um framtíðarfyrirkomulag íslenska fjármálakerfisins. Í skýrslunni kemur m.a. fram með býsna afdráttarlausum hætti að ótímabært sé að velta fyrir sér aðskilnaði fjárfestingabanka og viðskiptabanka hér á landi enda sé fjárfesting í sögulegu lágmarki. Réttara sé að bíða og sjá hvaða leiðir verða valdar í næstu nágrannalöndum okkar. Ég tek undir þessi sjónarmið og hvet stjórnvöld til þess að rasa ekki um ráð fram í þessum efnun heldur fylgjast vel með þróuninni í þeim löndum.

Okkur hættir til í kjölfar áfalla að krefjast aukins eftirlits, stærri og mannfrekari eftirlitsstofnana og umfangsmeiri og hertari eftirlitsreglna. Þetta eru eðlileg viðbrögð, en það er ekki sjálfgefið að þau séu einu réttu úrræðin.

Í nýju skýrslunni um framtíðarskipan fjármálakerfisins er bent á að ekki sé einboðið að efna til strangara reglakerfis og aukins eftirlits. Fremur eigi að beina sjónum manna að betri og samræmdari heildarhagstjórn og skýrari reglum um verkaskiptingu og ábyrgð. Menn hafa komist að því að þótt allar einingarnar, fjármálafyrirtæki og fjármálastofnanir, séu í lagi hver fyrir sig skv. mælingum eftirlitsstofnana, er ekki víst að fjármálakerfið í heild sinni sé í lagi. Nýjar mælistikur leysa ekki allan vanda og koma ekki í staðinn fyrir góða yfirsýn, heilbrigða dómgreind og huglægt mat á aðstæðum.

Eitt mikilvægasta verkefni fjármálageirans er að endurheimta traust almennings, fyrirtækja og erlendra fjárfesta. Öllum er ljóst að það tekur tíma og krefst staðfestu og fyrirhafnar. Allt starf Íslandsbanka miðar að því að veita stórum sem smáum viðskiptamönnum fyrirmyndarþjónustu og skapa sterk tengsl við þá til lengri tíma.

Störf stjórnar og góðir stjórnarhættir

Eins og ykkur er kunnugt sitja sjö menn í stjórn Íslandsbanka. Tveir eru fulltrúar eigenda en fimm eru óháðir. Fjórir hinna óháðu stjórnarmannanna eru erlendir með langa og víðtæka bankareynslu á mismunandi sviðum og hefur það nýst afar vel í störfum stjórnarinnar. Fastir stjórnarfundir eru einu sinni í mánuði en þess á milli eru fundir þegar þess er þörf. Stjórnarnefndir eru fjórar og sitja þrjú stjórnarmenn í þremur þeirra en fjórir í einni. Þessar nefndir eru: Endurskoðunarnefnd, sem starfar samkvæmt lögum, Sérstök lánanefnd, sem fer yfir stór og óvenjuleg lánamál, Áhættunefnd, sem fylgist með og þróar áhættumál bankans í samstarfi við áhættustjórn hans og loks Stjórnarháttá- og starfskjaranefnd. Mikilvægur undirbúningur stjórnarfunda fer fram í nefndunum sem hittast að öllu jöfnu mánaðarlega og oftast ef þörf krefur.

Auk venjulegra stjórnarstarfa og afgreiðsluverkefna hefur stjórnin lagt sérstaka áherslu á þátttöku í stefnumótun bankans ásamt bankastjóra og framkvæmdastjórn. Þá hefur stjórnin lagt sig fram um að fylgja eftir því að farið sé að lögum, reglum og bestu stjórnarháttum í störfum bankans.

Kröfur til stjórnarmanna í fyrirtækjum, ekki síst fjármálafyrirtækjum, hafa verið stórauknar á undanförunum árum. Stjórn Íslandsbanka hefur á liðnu starfsári lagt áherslu á að bæta stjórnarhætti bankans. Meðal annars var hleypt af stokkunum verkefni í því skyni að kortleggja ákvarðanatökufarla innan hans. Markmiðið er að tryggja að fyrir hendi séu kerfi og ferlar sem lágmarka áhættu, styðja við góða stjórnarhætti og að stjórnkerfi bankans sé ávallt í samræmi við það sem best gerist.

Einu sinni á ári leggur stjórnin mat á störf sín og bankastjórans með formlegum hætti. Sérhver stjórnarmaður svarar spurningum og svörin eru grundvöllur umræðna, þar sem megináherslan er lögð á það hvernig stjórn og bankastjóri geta bætt störf sín og náð betri árangri. Ég vil taka það sérstaklega fram að eigendur bankans, ISB Holding og Bankasýsla ríkisins, hafa aldrei haft afskipti af daglegum rekstri né störfum bankans eða bankaráðsins, en hafa reynst viðræðugóðir þegar til þeirra hefur verið leitað. Jafnframt fylgjast þeir með starfsemi eins og lög og samningar gera ráð fyrir.

Mannauður

Stjórnin hefur á undanförunum árum átt ánægjulegt samstarf og samskipti við fjölmarga starfsmenn Íslandsbanka. Nýir liðsmenn bættust í hópinn á síðasta ári þegar starfsmenn Byrs gengu til liðs við bankann og býð ég þá velkomna til starfa. Starfsfólk bankans hefur tekist á við fjölmargar áskoranir á undanförunum árum og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka því vel unnin störf.

Starfskjaramál

Á hluthafafundi 8. febrúar síðastliðinn samþykktu hluthafar bankans nýja starfskjarastefnu sem tók mið af nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins. Helstu breytingar felast í 5. grein stefnunnar sem fjallar breytilega kjarabætti. Markmið reglnanna er að koma ákveðnu

jafnvægi á uppbyggingu launa innan fjármálageirans og fyrirbyggja að óhæfilega stór hluti launa byggist á árangurstengdum greiðslum þar sem slíkt fyrirkomulag getur leitt til þess að hvati starfsmanna til áhættutöku verður óhóflegur.

Greinin heimilar árangurstengdar greiðslur til starfsmanna og stjórnenda á grundvelli sérstaks árangurskerfis, sem byggir á fyrirfram ákveðnum og mælanlegum árangursmarkmiðum. Greiðslur á þessum grundvelli lúta meðal annars þeim takmörkunum að, í fyrsta lagi skal fresta greiðslu á 40% af áunnum greiðslum í a.m.k. þrjú ár, í öðru lagi má fjárhæð áunninnar árangurstengdrar greiðslu ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi og í þriðja lagi skal heildarfjárhæð árangurstengdra greiðsla ekki vera umfram 3% af heildarlaunum bankans.

Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að þess skuli gætt að virðisbreytingar á útlánasafni eða endurheimtuhlutfall útlána, sem tekin voru yfir við stofnun bankans og ekki hefur verið lokið við að endurskipuleggja, hafi ekki áhrif á fjárhæð árangurstengdra greiðslna til starfsmanna.

Í skýringu 19 í ársreikningi bankans er gerð grein fyrir greiðslu vegna óvenjulegs vinnuálags. Sú greiðsla var í samræmi við starfskjarastefnu bankans frá 29. mars 2011.

Starfskjarastefnan er birt á heimsíðu bankans, en samkvæmt lögum er hún til afgreiðslu á aðalfundi.

Eignarhald Íslandsbanka

Íslandsbanki er í 95% eigu ISB Holding sem er óháð eignarhaldsfélag en íslenska ríkið á 5% hlut í bankanum. Núverandi eigendur hafa lýst því yfir að þeir ætli sér ekki að verða framtíðareigendur bankans. Eigendur, stjórn og stjórnendur bankans hafa því fengið til liðs við sig sérfræðinga til að skoða aðkomu innlendra og erlendra fjárfesta að Íslandsbanka. Sú vinna sækist vel en þó er ljóst að vegna óvissuástands hér á landi og á erlendum fjármálamálamörkuðum má gera ráð fyrir að breyting á eignarhaldi bankans taki lengri tíma en ella.

Öflugt atvinnulíf er forsenda endurreisnar

Ekkert skiptir meira máli en að byggja upp heilbrigt og gott atvinnulíf, sem tryggir hagvöxt og leggur grunn að góðum lífskjörum þjóðarinnar. Stjórnvöld verða að tryggja stöðugleika og vinna þarf gegn tortryggni í garð viðskipta og fjárfestinga, sem eru þjóðinni nauðsynleg til að fjölga störfum og vinna bug á atvinnuleysinu. Hagvöxtur sem einungis byggir á aukinni einkaneyslu er ekki sjálfbær. Efling atvinnulífsins er forsenda þess að allir fái tækifæri við hæfi til að taka þátt í endurreisn efnahags íslensku þjóðarinnar. Íslandsbanki hefur ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessum efnunum og mun áfram leggja sitt af mörkum í framtíðinni.